



3. fundur stjórnar SSA 21. september 2018

Fundurinn hófst kl. 13:00 í síma.

Mættir voru stjórnarmennirnir Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Sigríður Bragadóttir boðaði forföll.

Einar Már Sigurðarson formaður stýrði fundi. Hann setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Viðbrögð við fjölmiðlaumfjöllun um óbirta samgönguáætlun samgönguráðherra.

Rætt var um hugsanleg viðbrögð við fréttáflutningi af innihaldi samgönguáætlunar sem ekki hefur þó birst formlega frá ráðherra.

Ákveðið var að senda ályktun til fjölmiðla, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, samgöngunefndar Alþingis og þingmanna kjördæmisins:

Ályktunin verður send svohljóðandi:

Ályktun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um væntanlega samgönguáætlun, samþykkt á fundi þann 21. september 2018

Í ljósi fréttáflutnings af innihaldi væntanlegrar samgönguáætlunar lýsir stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) yfir miklum vonbrigðum með hlut Austurlands og þær miklu tafir sem við blasa hvað varðar nauðsynlegar samgöngubætur í fjórðungnum. Þetta er sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að undanfarin ár hafa nýframkvæmdir og viðhald vega á Austurlandi verið í algjöru lágmarki.

Stjórn SSA krefst þess að hlutur Austurlands varðandi framkvæmdir í samgöngumálum verði réttur og tekið tillit til þeirrar forgangsroðunar samgönguframkvæmda sem samþykkt hefur verið ítrekað á vettvangi SSA. Í því samhengi má nefna Fjarðarheiðargöng, nýjan veg yfir Öxi auk fjölda brýnna viðhaldsverkefna víða í fjórðungnum sem SSA hefur ályktað um.

Stjórn SSA telur eðlilegt að ráðherra og Alþingi fari eftir þeim áherslum sem mótaðar hafa verið af hálfu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í ljósi skorts á samráði skorar stjórnin á ráðherra að hefja nú þegar samráð við landshlutasamtökin áður en endanleg drög að samgönguáætlun verða lögð fyrir Alþingi. Verði það ekki gert er allt tal stjórnvalda um eflingu sveitarstjórnarstigsins orðin tóm.

Reynt verður að fá fund með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um málið í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri í næstu viku. Verkefnastjóra er falið að reyna að ná fundi með ráðherra.



Fundi slitið kl. 13:30

Einar Már Sigurðarson

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Pálína Margeirsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson